

Fimmtudaginn 26. júní 1975.

Nr. 54/1974. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Ingólfi Péturssyni og gagnsök

(Sigurður Helgason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. mars 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. apríl 1974. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 2.116.552, en til vara aðra lægri fjárhæð, í báðum tilvikum með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og hann hefði ekki haft gjafsókn í héraði, en gjafvörn fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál þar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Það er mat héraðsdóms, sem var skipaður vélfróðum samdómendum, að slysið verði rakið til ófullnægjandi loftræstingar og hins óbrúaða bils, sem gagnáfrýjandi féll niður um. Umbúnaður þessi var ótryggilegur, enda var byggt yfir opið eftir slysið. Aðaláfrýjandi hefur eigi hnekkst þessu mati héraðsdóms með álitserð sérfróðra manna eða öðrum sérfræðilegum gögnum. Að svo vöxnu ber með vísun til raka héraðsdóms að staðfesta niðurstöðu hans um, að aðaláfrýjandi sé fébótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda út af tjóni því, er hann sækir aðaláfrýjanda um í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Er áætlunin dagsett 4. maí 1975, og segir þar m. a. svo:

„Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hafa verið notaðar tvær mismunandi forsendur um vexti:

Aðferð I: Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II: Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu vextir og í aðferð I, en eftir það 13% vextir p. a. til frambúðar.

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku . kr.	561.590	kr. 561.590
Vegna varanlegrar örorku . . . —	2.212.684	— 1.941.032

Samtals kr. 2.774.274 kr. 2.502.622“

Þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um heildar-fjárhæð bóta, málskostnað og gjafvarnarkostnað.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Ingólfs Péturssonar, fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. janúar 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 11. desember sl., hefur Ingólfur Pétursson vélstjóri, Miðbraut 16, Seltjarnarneshreppi, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. september 1971, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur aðallega, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, til greiðslu á slysatjóni, er hann hafi orðið fyrir um borð í togaranum Ingólfi Arnarsyni, og áætlað hann í stefnu, að tjón hans nemi kr. 1.500.000, en áskilur sér rétt til framhaldsstefnu, ef örorkumat hans verði hærra, þegar það liggi fyrir. Stefnandi krefst 7% ársvaxta af kr. 1.500.000 frá 12. desember 1969 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ og til viðurkenningar á sjóveðrétti í togaranum m/b (mun eiga að vera b/v) Ingólfi Arnarsyni, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963, fyrir allri kröfunni og kostnaði öllum við málsóknina.

Með framhaldsstefnu, sem þingfest var 24. nóvember 1972, stefndi stefnandi Bæjrútgerð Reykjavíkur, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, til greiðslu á kr. 666.749 ásamt 7% ársvöxtum til greiðsludags (sic) og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963 fyrir allri kröfunni og kostnaði við málssóknina. Stefnandi segir heildarfjárhæð í aðalstefnu og framhaldsstefnu nema kr. 2.166.769 (mun væntanlega eiga að vera kr. 2.166.749) ásamt vöxtum og málskostnaði.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.119.552 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ eða mati dómsins svo og til að þola viðurkenningu sjóveðréttar stefnanda, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963, fyrir allri kröfunni og kostnaði öllum við málssóknina.

Í seinni ræðu sinni við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnanda frá kröfu sinni um kr. 3.000 vegna kostnaðar við örorkumat Stefáns Guðnasonar læknis, og er þá endanleg dómkrafa stefnanda kr. 2.116.552 ásamt vöxtum og kostnaði, eins og krafist hefur verið, svo og krafa um viðurkenningu sjóveðréttar.

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að Bæjarútgerð Reykjavíkur verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Á hendur réttargæslustefnda, Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, eru engar kröfur gerðar, og af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu.

Mál þetta var þingfest 3. september 1971. Lögmaður stefnanda fékk fresti til frekari málatilbúnaðar allt til 24. nóvember 1972. Lögmaður stefndu fékk fresti til þess að skila greinargerð til 9. febrúar 1973. Þann dag var málinu frestað um óákveðinn tíma til gagnaöflunar. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 14. maí 1973, og tók hann málið fyrst fyrir 19. júní 1973. Hinn 15. október sl. lýstu lögmenn aðilja yfir, að gagnaöflun væri lokið, og var málinu þá frestað óákveðið, þar sem lögmaður stefnanda ætlaði að láta dómsformann vita, hvenær togarinn yrði næst í Reykjavíkurhöfn, en þá var ætlunin að vettvangsskoðun færi fram. Hinn 22. nóvember sl. fóru dómarar málsins um borð í skipið, þar sem það var í Reykjavíkurhöfn, og skoðuðu vettvang. Málflutningur fór síðan fram, eins og áður er greint, 11. desember sl.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi verið lögskráður á togarann Ingólf Arnarson 31. júlí 1962. Stefnandi hafði undanþágu atvinnumálaráðuneytisins til þess að starfa sem 3. vélstjóri á þessu skipi. Stefnandi mun hafa unnið samfellt sem 3. vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, frá því að hann var lögskráður og þar til hann varð fyrir slysi hinn 12. desember 1969. Þá er stefnandi varð fyrir slysinu, var hann að vinna við þvott í vélarúmi skipsins. Stefnandi var að þvo aftarlega í vélarúmi efst á grindum við dælumótor stýrisvélar, stjórnborðsmegin. Stefnandi stóð á rist, sem sést á ljósmyndum á dskj. nr. 20, en af rist þessari mun stefnandi hafa náð upp í loft vélarúmsins. Með stefnanda við þvottinn var kyndari á skipinu, Garðar Eyjólfsen, en þá er slysið varð, hafði kyndarinn farið í kaffi, og var stefnandi einn, þá er slysið varð, en það mun hafa orðið með þeim hætti, að stefnandi féll niður á gólf í vélarúminu. Þá er stefnandi rankaði við sér eftir fallið, hrópaði hann á hjálp, og var stefnandi síðan losaður, en við fallið hafði annar fótur stefnanda festst. Sökum erfiðra aðstæðna, var búið um stefnanda á gólfi vélarúmsins og síðan siglt með hann til Þórshafnar í Færeyjum, en þar var hann lagður á sjúkrahús, og þar lá hann í 3 mánuði og 10 daga. Eftir það var hann fluttur heim til Íslands, en þá er hann kom heim, var hann lagður strax á Borgarsjúkrahúsið. Þar var hann skorinn

upp, en seinna fór hann á Heilsuverndarstöðina, en fór heim af Heilsuverndarstöðinni 30. september 1970.

Nokkru eftir að slysið varð, var rist sú, er stefnandi stóð á, þá er hann varð fyrir slysinu, stækkuð þannig, að opið, sem stefnandi mun hafa fallið niður um, er nú lokað, sbr. ljósmynd á dskj. nr. 18.

Hinn 25. júní 1970 og 20. janúar 1971 fóru fram sjópróf í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur vegna slyss þessa. Í sjóprófi bar Sigurjón Stefánsson, skipstjóri á togaranum Ingólfi Arnarsyni, að enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu og hafi stefnandi verið einn í vélarúminu, þegar slysið varð. Í dagbók skipsins var skráð: „Kl. 04.00 vindur V4, létt sk. Kl. 08.00 vindur SV4, létt sk., og kl. 12.00 SV4, létt sk.“. Skipstjórinn bar, að aðstaða hafi verið slæm til að ná hinum slasaða úr vélarúmi og því hafi það verið tekið til bragðs, þar sem stutt var til hafnar, að búa um hinn slasaða á dýnu, þar sem hann var kominn í vélarúminu. Skipstjórinn sagðist hafa haft samband við lækni í Þórshöfn og hafi hann ráðlagt að gefa stefnanda annað hvort morfínsprautu eða morfíntöflu, og kvaðst skipstjórinn síðan hafa gefið honum morfíntöflur. Ekki mundi skipstjórinn, hversu margar þær hafi verið, en hann hafi farið eftir ráði læknisins. Þegar til Þórshafnar kom, þá hafi læknir komið um borð í skipið og lagt á ráðin um það, hvernig hinum slasaða manni skyldi náð úr vélarúminu. Skipstjórinn sagði, að töluverður veltingur hafi verið, þá er slysið varð, og meiri sjór heldur en vindstyrkur sagði til um, en skipið hafi verið ólestað á leið heim úr söluferð. Skipstjórinn sagði, að þá er hann kom á vettvang, hafi stefnandi hangið á öðrum fætinum á grind aftan til í vélarúminu og hafi hann legið með höfuðið á borði, sem þar var. Það hafi ekki verið fóturinn, sem brotnaði, sem stefnandi hékk á. Skipstjórinn sagði, að hann, kokkurinn og kyndarinn, en hann hafi verið í kaffi, þá er slysið varð, þeir hafi þrír hjálpast að því að ná stefnanda niður. Skipstjórinn sagði, að það hefði strax sést, þegar að var komið, að stefnandi var lærbrotinn.

Í sjóprófi bar Eyjólfur Guðmundsson, 1. vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, að hann hafi komið á vettvang, eftir að slysið varð, og þá hafi verið búið að búa um stefnanda á vélarúmshöfðinu. 1. vélstjóri sagðist hafa falið stefnanda að hreinsa í vélarúminu og hafi stefnandi verið að þvo þiljur þar. Ekki hafi verið notaðir „stillansar“, en 1. vélstjóra hafi verið sagt af þeim, sem áður komu á slysstað, að stefnandi muni hafa staðið á rist. 1. vélstjóri sagði, að hann og

stefnandi hafi unnið saman á togaranum Ingólfi Arnarsyni í nokkur ár. Hafi stefnandi verið góður starfsmaður og hafi hann ekki verið ógætinn. Ekki var 1. vélstjóra kunnugt um neina líkamlega annmarka hjá stefnanda og sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að stefnandi hafi átt vanda til að fá yfirlið eða aðsvif. Ekki sagði 1. vélstjóri, að sér væri kunnugt um, að stefnandi hafi á neinn hátt verið illa fyrirhallaður, og hafi hann enga ástæðu til að ætla, að stefnandi hafi verið drukkinn. Í þessari ferð skipsins hafi verið full tala vélstjóra.

Í sjóprófi bar Garðar Eyjólfsson, vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, að hann hafi verið kyndari á Ingólfi Arnarsyni í þeirri ferð skipsins, er stefnandi slasaðist. Hafi þeir Garðar og stefnandi unnið við það um morguninn að þvo loft og þiljur í vélarúmi, en aðallega loftið. Stefnandi hafi verið að vinna við að þvo aftasta þilið af loftinu stjórnborðsmegin við uppgönguna. Þá er kominn var kaffitími, hafi stefnandi sagt Garðari að fara í kaffi. Garðar sagðist örugglega ekki hafa verið búinn að vera lengur en 10 mínútur í kaffi, er hann hafi heyrt köll úr vélarúminu. Hafi hann hlaupið niður og þá séð, að stefnandi hafi legið með herðarnar á borði, sem þarna er, en vinstri fótur hans hafi verið fastur við þilið milli röra. Garðar sagðist nú hafa hlaupið upp til að sækja hjálþ, en í sömu andrá hafi matsveinninn og skipstjórinn komið niður. Þeir hafi lyft Ingólfi og losað fótinn, síðan lagt hann á gólfið, þar sem búið hafi verið um hann og hann látinn liggja þar, þar til komið var til Færayja. Garðar sagði, að það, sem hann hafi síðast séð til stefnanda fyrir slysið, hafi hann staðið á rist, sem þarna er, og hafi stefnandi þá verið að þvo loftið. Garðar sagðist ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku í fari Ingólfs, er hann kom til vinnu um morguninn, er slysið varð, og hafi stefnandi ekki verið ölvaður. Þá er slysið varð, hafi verið lítills háttar veltingur, en ekki það mikill, að það þyrfti varasemi við. Garðar sagði, að ekki mundi hafa verið olía á ristinni, sem stefnandi stóð á, en tók fram, að þessar ristar séu alltaf hálar og það þyrfti að vara sig á þeim.

Við sjóprófið bar stefnandi, að hann hafi komið á vakt um klukkan 0630, og sagði, að þá hafi legið fyrir fyrirmæli um að halda áfram að gera hreint í vélarúmi skipsins, en á því verki hafi verið byrjað áður. Stefnandi sagði, að Garðar Eyjólfsson kyndari hafi verið að starfa með sér í vélarúminu í umrætt sinn. Þá er stefnandi hafi komið á vakt, hafi hann litið eftir því, að allar vélar væru í lagi, eins og venja sé að gera, þegar komið sé á vakt, síðan hafi hann farið að laga lút og muni það hafa verið

um klukkan 0715 sem byrjað hafi verið á því að þvo. Hafi stefnandi byrjað að þvo aftarlega í vélarúmi, efst á grindum við dælumótór stýrisvélar stjórnborðsmegin. Hafi hann byrjað að þvo loftið fyrir ofan dælumótorinn. Hafi hann staðið á grindinni og kvaðst þannig hafa náð upp í loft. Kyndarinn hafi skömmu áður verið byrjaður að þvo nokkru framar, eða við ljósatöfluna. Kyndarinn hafi farið upp í kaffi um klukkan 0800. Skömmu síðar hafi slysið orðið. Hafi stefnandi staðið á grindinni og verið að þvo loftið og verið kominn alveg að uppgangsstiganum, en skyndilega hafi hann ekki vitað fyrr til en hann hafi rankað við sér niðri á gólfinu. Hafi sér verið litið á klukkuna í vélarúminu og hafi hana vantað 10 mínútur í átta. Stefnandi sagðist hafa legið á bakinu á gólfinu og hafa setið á hægri fæti, en vinstri fótur hafi verið klemmdur fastur við steðja, sem sé á gólfinu. Hann hafi strax tekið eftir því, að hægri lærleggur var brotinn. Stefnandi hafi í umrætt sinn verið á venjulegum götuskóm með leðursólum, en stefnandi kjósi að vera við vinnu sína á skóm með leðursólum, enda telji hann það best við þær aðstæður, sem fyrir hendi séu í vélarúminu. Þar sé oft hálka vegna olíu og vatns. Við vinnu sem þessa verði maður að halda sér, ef veltingur sé. Í umrætt skipti hafi verið sæmilega gott veður og ekki mikill veltingur og hafi stefnandi haldið sér í handrið við stigann með annarri hendinni. Stefnandi sagði, að á grindinni sem hann stóð á, sé alltaf olíusull frá dælumótór stýrisvélar. Einnig mun einhver hálka hafa verið af vatni eða lút þeim, sem hann hafi unnið með, en við vinnuna hafi stefnandi notað uppþvottakúst til að bera lútinn á og svo tusku til að þvo með. Enginn sérstakur loftblásari sé fyrir vélarúm skipsins, en venjulegir loftventlar séu í vélarúmi og kyndirúmi. Ekki hafi stefnandi orðið var við neina sérstaka veltu, er umræddur atburður varð. Skipið hafi hreyfst eins og venjulegt sé, og kvað stefnandi sæmilegt vinnuveður hafa verið, því annars mundi ekki hafa verið unnið við þetta. Þá er stefnandi rankaði við sér og fann, að hann var fastskorðaður, hafi hann séð, að ekki var annað að gera en að hrópa á hjálp og hafi kyndarinn komið eftir augnablik, en hlaupið frá til að ná í hjálp og skömmu síðar hafi skipstjórinn komið niður ásamt fleiri mönnum. Þrír menn hafi þurft að lyfta stefnanda upp til að losa hann. Síðan hafi hann verið dreginn fram á gólfið og búið um hann á dýnu fyrir framan stigann. Skipstjórinn hafi breytt um stefnu og hafi verið haldið til Þórshafnar og þar hafi læknir komið út í skipið. Á leiðinni í

land hafi skipstjórinn gefið stefnanda morfintöflur og einnig hafi lækurinn gefið sér sprautu, er hann kom. Vegna þrengsla hafi ekki verið hægt að koma við sjúkrabörum og hafi hann verið vafinn í teppi og borinn upp. Síðan hafi hann verið fluttur á sjúkrahús í Þórshöfn. Þar hafi stefnandi legið í 3 mánuði og 10 daga. Þar hafi verið borað í legginn og hann settur í teygju. Áður en stefnandi fór af sjúkrahúsinu í Þórshöfn, hafi verið búið að setja legginn í gifsumbúðir. Stefnandi hafi komið heim með Gullfossi 24. mars 1970 og þá strax farið á Borgarsjúkrahúsið. Þar hafi hann verið skorinn upp 4. apríl, en síðan fluttur í Heilsumverndarstöðina 11. maí, en farið heim 30. september 1970. Stefnandi var spurður að því, hvort hann hefði getað gert sér grein fyrir því, eftir að hann var farinn að jafna sig eftir slysið, hver orsök slyssins hafi verið. Stefnandi kvaðst helst halda, að hann hafi skyndilega fengið aðsvif eða liðið hafi yfir sig, en tók fram, að hann hafi hvorki fyrr né síðar orðið fyrir því að fá aðsvif eða falla í yfirlið, en mjög hafi verið heitt, þar sem hann var að vinna í vélarúminu.

Hinn 5. október sl. kom stefnandi fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa og sagði þá, að hann teldi, að betra hefði verið, að rist sú, sem nú hefur verið sett upp í vélarúminu, hefði verið alla tíð, en hann hafi aldrei haft orð á því við neinn þarna á skipinu. Stefnandi sagðist oft hafa kvartað við 1. og 2. vélstjóra yfir tilhögun á loftventlum, en þeir hafi haft aðra skoðun en stefnandi á því, hvernig loftventlar skyldu snúa. Þeir hafi viljað láta loftventlana snúa upp í vindinn, en stefnandi viljað láta op loftventlanna snúa undan vindi, en þannig telji hann, að sog myndist í loftventlunum og hreint loft hafi getað komið niður, en þegar op loftventlanna snúi upp í vindinn, þá geti slegið niður í vélarúmið gasi, sem myndist við brennslu af olfunni í katlinum. En 1. og 2. vélstjóri hafi ráðið þessari tilhögun. Stefnandi sagðist ekki vita, hvernig op á loftventlum hafi snúið, þá er slysið varð, það hafi verið myrkur, þegar hann kom til vinnu, og hann hafi strax farið að vinna við hreingerningu. Almennt sé heitt í vélarúminu, en á staðnum, þar sem hann var að vinna, þá er hann slasaðist, hafi verið mjög heitt, en á þessum stað safnist saman kyrrstætt loft. Ljósavélar hafi verið í gangi, þá er slysið varð, og aftari ljósavélin hafi verið rétt hjá þeim stað, sem stefnandi var að vinna á. Loftventlar séu mikið hreyfðir, þegar skip sé á veiðum, en á siglingu haldi skipið sömu stefnu, þá séu loft-

ventlar ekki hreyfðir, nema vindátt breytist miðað við siglinga-
stefnu. Stefnandi sagði, að hann vissi til þess, að í öðrum togurum
af svipaðri gerð og aldri og Ingólfur Arnarson hafi verið vél-
knúin loftræsting, en hún sé betri að álitni stefnanda. Svo hafi
ekki verið á Ingólfi Arnarsyni. Stefnandi sagði, að fyrir slysið
hafi hann verið hraustur og ekki haft tilhneigingu til að falla í
yfirlið. Hann hafi aldrei fallið í yfirlið áður. Eftir slysið hafi
hann aldrei fallið í yfirlið. Stefnandi sagðist ekki hafa náð sér
eftir slysið, hann þreyttist enn mikið við stöður og gang, og
taldi stefnandi ólíklegt, að þetta ætti eftir að lagast. Stefnandi
sagðist, þá er hann kom fyrir dóm 3. október sl., vinna sem vél-
stjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Hinn 22. mars 1971 var beðið um dómkvaðningu tveggja hæfra
og óvilhallra manna til þess að meta aðstæður í vélarúmi togarans
Ingólfs Arnarsonar svo og til að segja álit sitt á því, hvort ekki
teljist ófullkomin vinnuaðstaða hjá 3. vélstjóra, er hann fram-
kvæmdi samkvæmt tilmælum 2. vélstjóra hreinsun vélarúms,
einnig til þess að matsmenn láti í ljós álit sitt á því, hvort ekki
hafi getað myndast kolsýrlingseitrún í vélarúminu.

Í málinu hefur ekki verið lögð fram dómkvaðning matsmann,
en á dskj. nr. 7 er matsgerð, dags. 11. maí 1971 og undirrituð af
Guðmundi Péturssyni vélstjóra og Þórði Gröndal verkfræðingi.
Í matsgerðinni segir svo:

„Að beiðni borgardómarans í Reykjavík hafa undirritaðir skoðað
vélarúm togarans Ingólfs Arnarsonar RE 201 vegna slyss III.
vélstjóra, sem hann varð fyrir 12/12 árið 1969. Við höfum einnig séð
ljósmyndir, sem teknar voru af Tæknideild Rannsóknarlögregl-
unnar á slysstað, svo og framburð hins slasaða fyrir sjó- og versl-
unardómi Reykjavíkur 20. jan. 1971. Viðstaddir skoðun okkar
voru Sig. Helgason hrl. og Ingólfur Pétursson vélstjóri. Samkvæmt
dómkvaðningu var Arnljóti Björnssyni hdl. og Benedikt Blöndal
hrl. tilkynnt um skoðunartímann, en hvorugur þeirra kom.

Eins og sjá má á ljósmyndum no. 1 og no. 2, náði ristinn ekki að
bili við stiga, þegar slysið skeði, en nú hefur hún verið stækkuð
til þess að brúa þetta bil. Hinsvegar teljum við það litla mögu-
leika að hafa fallið niður um þetta óbrúaða bil með fullri rænu,
þar sem það er mjög þröngt og víða er tækifæri til þess að grípa
í, áður en fallið er niður á gólf. Við teljum samt, að stækkun
ristarinnar sé til bóta.

Samkvæmt framburði hins slasaða í málsskjölum kemur í ljós,
að hann veit ekki af sér fyrr en hann liggur hjálparvana á gólfi.

Á ristinni, þar sem hinn slasaði var við vinnu, er vitað, að lofthiti hafi verið mjög hár og maðurinn vinnur upp fyrir sig. Ekkert loftop er í nálægð ristarinnar.

Ekki er hægt að fullyrða um eiturmengun loftsins í vélarúminu. Hins vegar verðum við að benda á, að: a) Ljósavél skammt frá ristinni er í gangi og hafi hún verið óþétt, þá myndast eiturloft frá henni. b) Nálægt ristinni eru geymd logsuðuhylki, þ. e. accetylen gas og súrefnishylki. Hafi verið leki á accetylen hylkinu, mundi eiturloft hafa getað safnast fyrir á vinnustað hins slasaða. c) Hafi olíubrennsla í katli verið ófullnægjandi og loftventlar við kyndistöð snúið þannig, að loft frá kyndistöðinni hafi leitað aftur í vélarúm, má telja líkur á, að um gasmengun hafi verið að ræða yfir ofangreindri rist.

Ofangreind atriði, a), b) og c), eru aðeins ábendingar um möguleika til loftmengunar, en ekki hægt að fullyrða neitt um það nema með nákvæmum rannsóknum, sem ekki er hægt að framkvæma nema skipinu sé siglt við sem líkust skilyrði og voru þegar slysið varð.

Hinn 5. október sl. komu matsmennirnir Guðmundur Pétursson og Þórður Gröndal fyrir dóm og staðfestu efni matsgerðarinnar sem rétt.

Fyrir dómi bar matsmaðurinn Guðmundur Pétursson, að loftventlar í vélarúmi séu þannig, að op þeirra myndi 90° horn við lóðréttu línu, og sé þeim oft snúið þannig, að loft leiti niður á loftventlana, þannig að opið snúi á móti vindi, og sé þetta gert til þess að fá hreint loft í vélarúmið. Matsmaðurinn tók fram, að ekki sé vitað, hvernig loftventlar hafi snúið gagnvart vindi, þá er slysið varð, en þar sem stefnandi var við vinnu, þá er hann slasaðist, sé mjög mikill hiti og lítil loftræsting. Matsmaðurinn sagði, að togarinn Ingólfur Arnarson sé systurskip margra annarra togara, svokallaðra nýsköpunartogara, og sagði matsmaðurinn, að honum væri ekki kunnugt um, að Ingólfur Arnarson sé öðru vísi en þau skip, að því er varðar vinnuaðstöðu í vélarúmi. Erfitt sé að segja um, hvað sé fullnægjandi loftræstikerfi. Á nýjum togurum sé séð fyrir loftræstingu með vélsúg og sé það miklu betra en eins og það var í gömlu togurunum. Það muni vera í verkahring þeirra, sem vinna í vélarúmi, að sjá um stillingu á loftventlum. Matsmaðurinn sagði, að ef svo hafi verið, að ljósavél hafi verið óþétt, en það viti hann ekkert um, þá telji hann staðinn, sem stefnandi var að vinna, þá er hann slasaðist, líklegan til, að þar hafi eiturmengað kyrrstætt loft getað safnast fyrir. Sú

mengun, sem skapist af ópéttri ljósavél, sé kolsýrlingsmettað loft.

Matsmaðurinn Þórður Gröndal bar fyrir dómi, að eftir því sem hann muni þá hafi staðurinn, sem stefnandi var við vinnu á, þá er hann slasaðist, verið uppi undir lofti og þar þröngt um, þannig að líkindi séu á því, að þar hafi safnast saman kyrrstætt loft.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að Bæjarútgerð Reykjavíkur beri skilyrðislausa bótaábyrgð vegna lélegs öryggisútbúnaðar og slæmra vinnuskilyrða, en eins og sjá megi af hinum framlögðu ljósmyndum, þá hafi rist sú, sem stefnandi stóð á, þá er hann þvoði loftið í vélarúminu, aðeins náð að hluta yfir opið og hafi því myndast bil milli ristarinnar og þilsins við stigann, en þar hafi stefnandi dottið. Nú hafi bil þetta verið brúað. Þarna hafi verið um óverulega framkvæmd að ræða, sem fyrirbyggð hefði, að slysið hefði getað borið að höndum, og verði að telja það vitavert gáleysi af hálfu útgerðarfélags togarans, að þessar ráðstafanir skyldu ekki hafa verið gerðar í tíma, þ. e. að stækka ristina, en á skorti þessum á öryggisbúnaði og þessum slæmu vinnuskilyrðum, sem þarna hafi verið, beri útgerðin ábyrgð. Stefnandi hafi verið starfsmaður Bæjarútgerðar Reykjavíkur og hafi þeir því borið húsbóndaábyrgð á honum auk þess sem þeir bergi ábyrgð vegna þess, að um sérstaklega hættulegan atvinnurekstur sé að ræða. Jafnframt eru kröfur stefnanda rökstuddar með vísan til matsgerðarinnar, en þar komi fram, að ýmsar orsakir hafi legið til þess, að eiturmyndun hafi getað orðið í vélarúmi, en hún hafi getað orsakast m. a.:

- A. Ljósavél skammt frá slyssað gat myndað eiturloft.
- B. Logsuðuhylki stóðu einnig skammt frá og gat myndað acetyllengas, sem orsakað gat eiturloft.
- C. Oliubrennsla í katli gat einnig verið ófullnægjandi og orsakað kolsýring og beri sérstaklega að hafa í huga, að loftventlar í skipinu hafi snúið þannig, að eðlileg loftræsting hafi ekki átt sér stað, og gasmengun gat auðveldlega myndast.
- D. Lofthiti var mikill og ekkert loftop nálægt ristinni.

Öll framangreind atriði bendi eindregið til þess, að yfirlið stefnanda hafi orðið vegna slæmrar aðstöðu um borð, sem hafi orðið þess valdandi, að slysið hafi borið að höndum. Stefnandi hafi engu ráðið um þessar aðstæður og aðfinnslum hans um tilhögun loftventla hafi í engu verið sinnt. Slysið hafi því verið honum algerlega ógerlegt að forðast, en stefnandi sé vanur sjómaður, reglusamur og eftirsóttur í vinnu og ekkert bendi til þess, að hann hafi

sýnt gáleysi í starfi eða á nokkurn hátt verið valdur að slysinu.

Beri því Bæjarútgerð Reykjavíkur alla ábyrgð á slysinu og hafi alla sönnunarbyrði á því, að tjónið eða slysið sé stefnanda að kenna.

Af hálfu stefnda Bæjarútgerðarinnar eru sýknukröfur rökstuddar með því, að slysið verði ekki á nokkurn hátt rakið til vanbúnaðar í vélarúmi skipsins, og jafnframt er því mótmælt, að skaðabótaábyrgð verði lögð á stefnda samkvæmt reglunni um hættulegan atvinnurekstur, þar sem þær reglur eigi ekki við í þessu tilviki, en samkvæmt dómvenju hér á landi sé sjómennska ekki talin hættulegur atvinnurekstur. Í hinni framlögðu matsgerð komi fram, að ekki hafi stærð ristarinnar eða skortur á handriði verið orsök slyssins. Hafi ristin verið hál, þá hafi það verið í verkahring stefnanda að passa upp á það, en stefnandi hafi verið þaulvanur öllum aðstæðum þarna og hafi verið að vinna verk, sem hann hafi oft unnið áður. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að af hinni framlögðu matsgerð verði ekki dregin ályktun um skaðabótaábyrgð stefnda, og er enn fremur á það bent, að stefnandi hafi sjálfur borið, að honum sé óljóst um það, hvernig slysið hafi viljað til, en líkleg ástæða sé, að skyndilega hafi liðið yfir stefnanda eða hann fengið aðsvif, en þá beri stefnanda að sanna, að yfirliðið hafi orðið fyrir vanrækslu stefnda, en um það verði ekkert dregið af hinni framlögðu matsgerð og enginn geti séð yfirlið fyrir og því sé ekki hægt að fyrirbyggja það. Af hálfu stefnda var því haldið fram, að fyrningarfrestur vegna sjóveðréttar væri liðinn, að því er kröfur í framhaldssök varðaði.

Af hálfu stefnda er fjárhæð bótakröfu vegna örorkutjóns mótmælt sem allt of hárrí og grundvelli hennar sem röngum. Mati Stefáns Guðnasonar læknis er mótmælt sem of háu, röngu og óstaðfestu. Síðar féll lögmaður stefnda frá mótmælum vegna þess, að örorkumat væri óstaðfest. Líkindareikningi Þóris Bergssonar er af þeirri ástæðu mótmælt sem of háum, að örorkumat væri rangt og of hátt. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef til komi, að bætur verði ákvarðaðar eftir þessum kröfulið, þá beri að hafa í huga til lækkunar hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi skaðabóta sem þessara og svo beri að meta til frádráttar laun stefnanda frá slysdegi til 15. mars 1970, kr. 49.855, svo og dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 128.727, og eingreiðslu örorkubóta frá sama, kr. 124.327, og loks bætur samkvæmt slysa-tryggingu frá Tryggingu h/f, kr. 80.000.

Kröfu um miskabætur er mótmælt sem of hárri og að krafan sé í ósamræmi við dómvenju.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að matskostnaður eigi að heyra til málskostnaði.

Örorkumat sé þegar greitt af Tryggingu h/f.

Kostnaði Þóris Bergssonar sé ekki mótmælt tölulega, en hann eigi að heyra til málskostnaði.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi enga grein gert fyrir síðasta lið kröfu sinnar, og sé honum því mótmælt að svo stöddu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sjóveðréttur sé niður fallin fyrir þeim hluta af kröfum stefnanda, sem fólgin sé í framhaldssök.

Lögmenn aðilja voru sammála um það, að togarinn, sem slysið varð í, hafi heitið Ingólfur Arnarson, en skipt hafi verið um nafn á togaranum og heiti hann nú Hjörleifur.

Samkvæmt dómvenju hér á landi fellur starf það, sem stefnandi vann við, þá er hann slasaðist, ekki undir hættulegan atvinnurekstur.

Dómarar málsins hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður í vélaráumi togarans.

Eins og rakið hefur verið, hafði stefnandi, þá er hann varð fyrir slysinu 12. desember 1969, unnið sem 3. vélstjóri á þessu sama skipi frá 31. júlí 1962. Samkvæmt framburði 1. vélstjóra, sem bar, að hann og stefnandi hafi unnið saman á þessu skipi í nokkur ár, var stefnandi góður starfsmaður og ekki ógættinn. Ekkert hefur komið fram um, að stefnandi hafi verið illa fyrir-kallaður í umrætt skipti.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að þarna, sem stefnandi stóð við vinnu sína, þá er hann datt og slasaðist, sé mikil hætt á, að safnist kyrrstætt loft. Þarna verði mjög heitt, þá er vélarskipisins eru í gangi.

Við skoðun dómaranna sást, að ristin, sem stefnandi stóð á við vinnu sína, nær nú yfir allt opið, samanber ljósmynd á dskj. nr. 18, og hefur ristin því verið stækkuð eftir slysið, samanber ljósmyndir af slyssstað á dskj. nr. 20, en það eru ljósmyndir teknar af tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Að áliti dómsins er stækkun ristarinnar til mikilla bóta, hvað varðar öryggi starfsmanna, sem vinna uppi á ristinni, og er þá höfð í huga hin lélega loftræsting, sem þarna er. Dómarar eru sammála því, sem fram kemur í matsgerð, að litlir möguleikar hafi verið á því, að

maður með fullri meðvitund félli niður um opið, sem þarna var fyrir stækkun ristarinnar. Öðru máli gegnir, ef um er að ræða meðvitundarlausan eða meðvitundarlítinn mann.

Eftir því, sem fram er komið, verður að rekja slysið til ófullnægjandi loftræstingar og hins óbrúaða bils, sem stefnandi féll niður um, en á þessum umbúnaði ber stefndi sem vinnuveitandi ábyrgð.

Með því að ekki er upplýst, að stefnandi hafi verið meðvaldur að slysinu vegna gáleysis, verður skaðabótaábyrgðin lögð óskipt á stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón, útreiknað 16. október 1973 af Þóri

Bergssyni tryggingafræðingi	kr. 2.143.496
2. Bætur fyrir miska, þjáningu og lýti	— 300.000
3. Kostnaður við matsgerð	— 8.000
4. Kostnaður við útreikning örorkutjóns	— 8.500
5. Föt og lækniáðstoð, áætlað	— 15.000

Samtals kr. 2.474.996

Frá þessari fjárhæð dragist:

1. Laun frá Bæjarútgerð Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 19	kr. 49.855
2. Dagpeningar og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 228.589
3. Greiðslur frá Tryggingu h/f vegna samningsbundinna slysatrygginga, sbr. dskj. nr. 14	— 80.000

Samtals kr. 358.444

Mismunurinn á þessum tveim fjárhæðum, eða kr. 2.116.552, er dómkrafa stefnanda.

Verður nú tekin afstaða til hinna einstöku liða í kröfu stefnanda.

Um 1.

Til stuðnings kröfum sínum vegna örorkutjóns hefur stefnandi lagt fram örorkumat gert af Stefáni Guðnasyni lækni og örorkutjónsútreikninga gerða af Þóri Bergssyni, cand. act.

Í örorkumatinu, sem dagsett er 3. nóvember 1971, segir svo: „Slasaði, sem er vélstjóri, datt í vélarúmi í togara í nánd við Færeyjar. Hann var lagður í sjúkrahús í Þórshöfn um 6 klst.

síðar, þar sem hann dvaldi til 22/3 1970, en kom í Borgarspítalann í Rvík 24/3 1970 og dvaldi þar til 30/9 1970.

Fyrir liggur vottorð Sverris Haraldsson læknis þar, dags. 10/3 1971, svohljóðandi:

„Þann 24. 3. '70 var Ingólfur Pétursson lagður inn á Skurðlækningadeild Borgarspítalans. Ingólfur kom flugleiðis frá Færeyjum, þar sem hann hafði verið lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn eftir slys um borð í togara. Sjúklingur hafði við slysið fengið brot á hægri lærlegg (fract. femoris dx.). Brotið var í Færeyjum meðhöndlað með strekki og hann síðan fluttur í gipsi til Reykjavíkur.

Kom í ljós við röntgenskoðun á lærleggnum, að brotið hafði ekki gróið saman og talsverð fjarlægð á milli brotenda. Þar sem öruggt var talið, að brotið myndi aldrei gróa undir slíkum kringumstæðum, var lærleggurinn spengdur.

Þegar sjúkl. fór að hressast, var hann sendur til frekari meðferðar og þjálfunar niður á Heilsuverndarstöð og er útskrifaður þaðan 30/9 1970. Gat þá gengið með einum staf. Síðan hefur sjúklingur þjálfað sig og farið allvel fram. Röntgenmyndir, síðast teknar í mars, sýna, að brotið er nokkurn veginn gróið. Áformað er að fjarlægja spöng og nagla frá lærlegg eftir u. þ. b. 2 mánuði, og verður sjúklingur þá lagður inn á sjúkrahús í sambandi við þá aðgerð.

Í dag, þann 10/3 1971, er ástand sjúklingsins í stórum dráttum sem hér segir:

Sjúklingur kvartar yfir verk í hægri hnélið og lærvöðvum hægri megin og einnig yfir þreytu við gang í hægri ganglim. Að sjá: Gangur sjúklings nokkuð hægur og óöruggur, og hann gengur örlítið haltur.

Hægri mjöðm og læri: Sjá meðfylgjandi rannsókn á vöðvum og liðum.

Samandregið: 55 ára gamall sjómaður, sem verður fyrir slysi við vinnu sína á togara þ. 12/12 1969 og er fyrst lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn og síðan fluttur á Skurðlækningadeild Borgarspítalans þ. 24/3 1970 með lærbeinsbrot hægri megin, sem gerð var aðgerð á. Sjúklingur hefur síðan verið óvinnufær, en ástand farið batnandi og gengur nú óstuddur og án hjálpartækja. Hann hefur talsvert rýrðan kraft í lærvöðvum og nokkuð hindraðar hreyfingar í hnélið hægri megin. Eftir 2 mánuði mun sjúklingurinn gangast undir nýja aðgerð til að fjarlægja spöng og nagla, sem sett var á lærlegginn. Hvað varanlega örorku snertir, mundi

ég telja of snemmt að fullyrða neitt um það, en rannsókn að fjórum til fimm mánuðum liðnum mundi ég telja að gæfi verulega ýtarlegri upplýsingar, hvað það snertir“.

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 21/5 1971. Slys fara- og sjúkrasögu ber saman við það, sem áður greinir. Kvartar um stirðleika í hægra hné og óþægindi og öryggisleysi í hægra fótlim, einkum lærinu. Það er 26 cm langt skurðör utan á hægra læri. Það finnst fyrir brotstaðnum við þreifingu. Gangur er dálítið stirðlegur og eins og að slasaði treysti ekki á hægri fótlim. Lætur líkamspunga hvíla fremur á vinstri en á hægri ganglim. Hann kveðst hafa byrjað vinnu sem iðnverkamaður síðast í apríl sl.

Skv. vottorði Óskars Jónssonar lækni, Rvík, var slasaði lagður í Borgarspítalann á ný 31/8 1971, dvaldi þar til 13/9 1971, og var þar numin burtu sú spöng, sem áður var sett í hægri lærlegg.

Fyrir liggur vottorð Sverris Haraldssonar lækni, dags. 26/10 1971, svohljóðandi:

„Sjúkrasaga Ingólfs er í stórum dráttum: Slys um borð í togara og var lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn í Færeyjum með lærbeinsbrot hægra megin 12/12 1969. Kom á Borgarspítalann 23/3 1970, og var þá spengdur lærleggur.

Sjúklingur byrjar vinnu í apríl 1971.

Liggur á Borgarspítalanum í annað skiptið 31/8 til 13/9 1971, og var þá tekin spöng og naglar úr lærbeini. Áætlað er, að sjúkl. taki upp vinnu sína þ. 1/11 1971.

Subj.: Helstu kvartanir sjúklings eru: Verkur og þreyta í mjó-baki og ganglimum, aðallega vinstri, en þeim ganglim beitir hann að mestu fyrir sig. Þessi þreytuverkur er við stöður og einnig við gang, en hann kveðst í mesta lagi geta gengið 500 m í einu með eðlilegum hraða vegna ofanefndra óþæginda. Verkur og stirðleiki í hægra hné. Bólgur á báðum fótum og fótleggjum. Hann kveðst einnig hafa átt í stríði við vaxandi taugaveiklun eftir slysið, og háir þetta honum mjög.

Obj.: Sjúkl. gengur yfirleitt mjög hægt eins og af varkárni, en ber fætur til eðlilega. Hann er greinilega mjög „taugaslappur“.

Hryggur: Nokkur scoliosa.

Ganglimir: Fjarlægð spina iliaca anterior superior malleolus medialis 92 cm hægra megin = vinstra megin. Lærpykkt hægra megin 10 cm fyrir ofan hnéskel 41½ cm hægra megin og 43 cm vinstra megin. Mesta ummál kálfa sama báðum megin. Dálítill bjúgur neðan til á sköflungi og yfir öklaliðum og talsvert af varicum. Hreyfingar í liðum vinstra ganglimar eðlilegar, en á

hægra hné 180—75 gráður. Ör eftir aðgerð utanvert á hægra læri vel gróíð eymslalaust.

Sjúklingi þessum hefur verið ráðlagt að stunda ekki þunga vinnu og forðast störf, sem hafa í för með sér miklar stöður. Sjúkl. hefur einnig verið ráðlagt að taka ekki til við fyrri störf á sjón-um vegna hans ástands eins og það er í dag“.

Slasaði kom á ný til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 1/11 1971. Hann kvartar enn um þreytuverki í baki og fótlimum, þolir illa gang og stöður og stirðleiki og sárindi eru í hægra hné að sögn. Einnig kveðst hann taugaslappari en fyrir slysið. Skoðun nánast óbreytt frá fyrri skoðun hér. Það er dálítill vöðvarýrnun á hægra læri, en hægra hné mælist um 1 cm gildara en það vinstra. Hreyfingar í því eru 180—75 gr. Fótlimir mælast jafnlangir. Hann telst nú vinnufær á ý eftir síðari aðgerðina frá og með deginum í dag.

Ályktun: Það er um að ræða 56 ára gamlan vélstjóra, sem slasaðist við vinnu sína á sjó fyrir bráðum 2 árum. Hann hlaut brot á hægra lærlegg.

Slasaði dvaldi á sjúkrahúsum frá slysdegi í 9½ mánuð, gekkst undir spengingu á brotinu og dvaldi á ný í sjúkrahúsi í ½ mánuð á árinu 1971, þegar spöngin var tekin.

Hann var óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi talið og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Starfsgeta telst hafa verið verulega skert í 4 mánuði milli aðgerðanna og síðan nokkuð skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru stirðleiki og þreytuverkir í hægra fótlim, óþægindi við gang og stöður, hreyfingartakmarkanir í hægra hné og vöðvarýrnun á hægra læri, auk nokkurs taugakvællis, sem sennilega má rekja til afleiðinga slyssins, að minnsta kosti að nokkru leyti.

Tæpast er að vænta frekari bata en þegar er fenginn, svo að verulegu nemi, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 14½ mánuð	100%
Eftir það í 4 mánuði	50%
Eftir það í 2 mánuði	100%
Eftir það varanlega	20%“.

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 7. desember 1971, segir svo:
„Slysið.

Ingólfur Pétursson slasaðist 12. desember 1969 við vinnu sína um borð í b.v. Ingólfi Arnarsyni.

Hann féll niður af grind í vélarúmi skipsins með þeim afleiðingum, að hægri lærleggur brotnaði. Í ályktun örorkumats Stefáns Guðnasonar, tryggingayfirlæknis, dags. 3. nóv. 1971, segir: „Varanlegar afleiðingar slyssins eru stirðleiki og þreytuverkir í hægri fótlim, óþægindi við gang og stöður, hreyfingartakmarkanir í hægri hné og vöðvarýrnun á hægri læri, auk nokkurs taugakvællis, sem sennilega má rekja til afleiðinga slyssins, að minnsta kosti að nokkru leyti“.

Örorkumat.

Læknirinn hefur metið orkumissi Ingólfs vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysdegi í 14½ mánuð	100%
Eftir það í 4 mánuði	50%
Eftir það í 2 mánuði	100%
Eftir það varanlega	20%“

Ath. Ég vil í þessu sambandi benda á eftirfarandi orð í ályktun örorkumatsins: „Hann var óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi talið og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Starfsgeta telst hafa verið verulega skert í 4 mánuði milli aðgerðanna og síðan nokkuð skert varanlega“. Samkvæmt þessu ætti 100% örorkan að hafa verið í 16½ mánuð frá slysdegi, en ekki 14½.

Aldur.

Ingólfur er sagður fæddur 6. júní 1915 og hefur því verið 54 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt afritum af skattframtölum Ingólfs árin 1967 og 1968 og upplýsingum yðar um árið 1968 hafa vinnutekjur Ingólfs þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1966	kr. 253.415.57
— 1967	— 300.559.66
— 1968	— 357.570.61

Tekna þessara hefur Ingólfur aflað sem vélstjóri á togurum hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Ég hef því umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á kjörum sjómanna og nota til þess úrtakstölur Efnahagsstofnunarinnar yfir vinnutekjur kvæntra sjómanna. Nýjustu úrtakstölur eru frá árinu 1970,

en Efnahagsstofnunin hefur áætlað, að hækkunin frá 1970 til 1971 nemi 28.4% og frá 1971 til 1972 18.0%. Í síðari áætluninni mun reiknað með 4% aflaaukningu á sjómann. Ég tel ekki rétt að taka svo óvisst atriði með í áætlun framtíðartekna og nota því 14%.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 20% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 20%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — —	— 580.087.00	— 232.037.00	— 116.018.00
Síðan árlega	— 657.983.00		— 131.597.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 552.146.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.109.533.00

Samtals kr. 1.661.679.00

Athugasemd.

Ef gert er ráð fyrir 100% örorku í 16½ mánuð fyrst eftir slysið í stað 14½ mánaðar, svo sem framangreind tilvitnun í ályktun örorkumatsins bendir til, hækkar áætlað tímabundið vinnutekjutap á öðru ári eftir slysið úr kr. 232.037.00 í kr. 309.370.00. Verðmæti taps vegna tímabundinnar örorku hækkar úr kr. 552.146.00 í kr. 620.499.00.

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Ingólfur kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Ingólfur fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 16. 3. 1970 til 31. 10. 1971, samtals kr. 128.727.00, og er verðmæti þeirra á slysdegi kr. 120.008.00. Einnig hefur hann fengið örorkubætur með eingreiðslu 5. 11. 1971 kr. 124.000.00 og verðmæti þeirra á slysdegi kr. 108.581.00.
3. Sem sjómaður á Ingólfur rétt á bótum frá samningsbundinni

slysatriggingu sjómanna 20% af kr. 400.000.00, eða kr. 80.000.00.

4. Ekki hefur verið athugað, hver eðlilegur frádráttur vegna opinberra gjalda er.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ís-lenskra karla samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 14. nóvember 1972, segir svo: „Í útreikningi, dagsettum 7. desember 1971, reiknaði ég út örorkutjón Ingólfs Péturssonar vegna slyss hans 12. desember 1969. Við áætlun framtíðartekna notaði ég vinnutekjur Ingólfs þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið umreiknaðar til kauplags á slys-degi og fram til ársins 1970 samkvæmt breytingum á úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar yfir vinnutekjur kvæntra sjómanna, og síðan var notuð áætlun stofnunarinnar um hækkun vinnutekna árið 1971 og til frambúðar. Nú eru komnar úrtakstölur fyrir árið 1971, og sýna þær 26.3% hækkun frá 1970, en Efnahagsstofnunin hafði gert ráð fyrir 28.4%. Hækkunin frá 1971 til 1972 var áætluð 14%. Nú er ljóst, að þessi áætlun var verulega of lág, þar sem fiskverð hækkaði um 10% um sl. áramót og aftur um 15% 1. okt. sl. Með tilliti til þessara nýju upplýsinga hef ég endurreiknað örorkutjón Ingólfs.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið ..	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — — ..	— 570.563.00	— 228.227.00	— 114.113.00
3. — — — ..	— 664.312.00		— 132.862.00
Síðan árlega	— 736.344.00		— 147.269.00

Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 548.779.00

Vegna varanlegrar örorku — 1.215.741.00

Samtals kr. 1.754.520.00

Ef gert er ráð fyrir 100% örorku í 16½ mánuð í stað 14½, verður áætlað vinnutekjutap á öðru ári kr. 304.288.00 í stað kr.

228.227.00, og verðmæti taps vegna tímabundinnar örorku verður kr. 616.008.00 í stað kr. 548.779.00.

Um forsendur og annað, sem máli skiptir, vísast til fyrri útreiknings“.

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 16. október 1973, segir svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað út örorkutjón Ingólfs Péturssonar, síðast með útreikningi dagsettum 14. nóvember 1972. Síðan hafa orðið mjög verulegar hækkanir á fiskverði. Þér óskið því enn nýs útreiknings.

Niðurstaðan nú verður eftirfarandi áætlun á vinnutekjum og vinnutekjutapi.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið . .	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — — ..	— 570.563.00	— 228.223.00	— 114.113.00
3. — — — ..	— 664.312.00		— 132.862.00
Síðan árlega	— 1.042.958.00		— 208.592.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku kr. 548.779.00

Vegna varanlegrar örorku — 1.594.717.00

Samtals kr. 2.143.496.00

Um reiknigrundvöll og aðrar forsendur, sem máli skipta, vísast til fyrri útreiknings míns, dags. 7. desember 1971“.

Eins og rakið hefur verið, segir Stefán Guðnason læknir í örorkumati sínu, að stefnandi hafi verið óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Síðar metur læknirinn örorku stefnanda 100% í 14½ mánuð eftir slysið, eftir það 50% í 4 mánuði og eftir það 100% í 2 mánuði og svo varanlega 20%.

Eitt ár og fjórir og hálfur mánuður gerir sextán og hálfan mánuð, en ekki fjórtán og hálfan mánuð, en þar sem kröfur stefnanda eru byggðar á útreikningi, sem miðar við 100% örorku í 14½ mánuð, þá þykir þetta ósamræmi ekki skipta máli.

Af hálfu stefnda hefur örorkumati verið mótmælt sem of háu og röngu og örorkutjónsútreikningnum sem of háum af þeim sökum. Mótmæli þessi eru órökstudd, og verður örorkumat Stefáns Guðnasonar því lagt til grundvallar við niðurstöðu máls-

ins. Örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar, cand. act., er lík-indareikningur, og verður hann hafður til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta til handa stefnanda.

Þegar litið er til launa þeirra, sem stefnandi fékk greidd frá stefnda eftir slysið, dagpeninga og örorkubóta, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og greiðslu frá Tryggingu h/f vegna samningsbundinna slysatrygginga, enda hefur stefnandi lækkað kröfur sínar um það, sem þessum greiðslum nemur, svo og skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu, þá þykja bætur til stefnanda vegna örorkutjóns hæfilega ákveðnar kr. 1.300.000.

Um 2.

Þegar litið er til sjúkrasögu stefnanda og annars þess, sem fram er komið um afleiðingar af slysi stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.

Um 3. og 4.

Liðir þessir, sem eru kostnaður við matsgerð og útreikning örorkutjóns, þykja eiga að falla undir málskostnað, og verður tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Um 5.

Liður þessi hefur ekki verið studdur neinum gögnum og verður því ekki tekinn til greina gegn andmælum stefnda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, að greiða stefnanda kr. 1.500.000 (kr. 1.300.000 + kr. 200.000) með vöxtum eins og krafist var.

Krafa stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti stefnanda í m/b (mun eiga að vera b/v) Ingólfi Arnarsyni verður ekki tekin til greina, þar sem sjóveðréttur var fallinn niður vegna fyrningar samkvæmt 232. gr. laga nr. 66 frá 1963, þá er stefna var birt í máli þessu, 2. september 1971, en eins og rakið var, varð slys það, sem mál þetta er af risið, 12. desember 1969.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1972, var stefnanda veitt gjafsókn „allt að kr. 30 þúsund“. Samkvæmt ákvæðum 173. gr. laga nr. 85 frá 1936 eru hlunnindi gjafsóknarhafa fjórþætt. Auk þess sem gjafsóknarhafi er undanþeginn greiðslu réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til samkvæmt 1. og 2. tl. greinarinnar, er honum skipaður talsmaður, nema þess þyki ekki þörf, og greiðir ríkissjóður talsmanninum ferðakostnað og þóknun fyrir málflutninginn eftir ákvörðun dómara samkvæmt 3. tl. greinarinnar, en samkvæmt 4. tl. greiðir ríkissjóður fyrir gjafsóknarhafa ýmis gjöld í sambandi við rekstur málsins, þ. á m.

þóknun til mats- og skoðunarmanna. Í máli þessu hefur ekki verið lagður fram málskostnaðarreikningur, en útlagður kostnaður við þingfestingu aðalsakar og framhaldssakar er kr. 1.000, þóknun til matsmanna kr. 8.000 og kostnaður við útreikning örorkutjóns kr. 8.500. Í XI. kafla laga nr. 85 frá 1936 eru ekki ákvæði um takmarkaða gjafsókn, svo sem ákveðið er í gjafsóknarleyfi máls þessa. Ekki er í leyfinu gerð grein fyrir því, hvernig ætlast er til, að takmörkun þessari sé beitt gagnvart hinum ýmsu þáttum kostnaðar, sbr. 173. gr. laga nr. 85 frá 1936. Með hliðsjón af hinum ótvíræðu ákvæðum hinnar tilvitnuðu lagagreinar, og þá sérstaklega 3. tl., þykir skorta lagagrundvöll til þess að beita takmörkunum þeim, sem felast í gjafsóknarleyfi stefnanda.

Samkvæmt efnisúrlausn málsins þykir rétt, að stefndi greiði í málskostnað, er renni í ríkissjóð, kr. 209.500, og er þar með talinn kostnaður við útreikning örorkutjóns, kr. 8.500, og þóknun til matsmanna, kr. 8.000.

Málskostnaður stefnanda, kr. 209.500, þar með talin þóknun til talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst kr. 192.000, greiðist úr ríkissjóði.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, en meðdómendur voru Guðmundur Björnsson prófessor og Andrés Guðjónsson skólastjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Ingólfi Péturssyni, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags. Stefndi greiði kr. 209.500 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Kostaður stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 209.500, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 192.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.